

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/11/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 084/16/COL frá 27. apríl 2016 um hundruðustu og fyrstu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldar eru inn nýjar leiðbeinandi reglur um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/11/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8134 – Siemens/Gamesa)	13
2017/EES/11/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8221 – Blackstone/OFFICEFIRST) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2017/EES/11/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8284 – Deutsche Telekom/Orange/BuyIn)	15
2017/EES/11/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M. 8290 – Fairfax/AIG Target Portfolio) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2017/EES/11/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8308 – Munksjö/Ahlstrom II)	17
2017/EES/11/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8331 – Crédit Mutuel Arkéa/Bridgepoint/Primonial Holding) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18

2017/EES/11/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8333 – Mitsui Group/NS Group/Anglia Rail Holdings) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	19
2017/EES/11/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8343 – DONG Energy/Macquarie/Swancor/Formosa 1 Wind Power) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	20
2017/EES/11/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8352 – KKR/KSL/Apple Leisure Group)	21
2017/EES/11/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8375 – HIG Capital/Infingate) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	22
2017/EES/11/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8390 – PSPIB/TIAA/Vantage) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	23
2017/EES/11/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8060 – Abbott Laboratories/St Jude Medical)	24
2017/EES/11/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8137 – HNA Group/Servair)	24
2017/EES/11/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8216 – Allianz/Dalmore/BEL)	25
2017/EES/11/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8240 – Dana/Brevini Fluid Power and Brevini Power Transmission)	25
2017/EES/11/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8252 – TPG Capital/Intel Security)	26
2017/EES/11/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8332 – KII/GGC/Infor)	26
2017/EES/11/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8336 – Mitsubishi Chemical Holdings/Marubeni/Metro Pacific Investments/JV)	27
2017/EES/11/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8345 – HPS/MDP/NFP)	27
2017/EES/11/21	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. mars 2017	28
2017/EES/11/22	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir sem felldar eru úr gildi í tengslum við áætlunarflug	29

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/11/01

084/16/COL

frá 27. apríl 2016

um hundruðustu og fyrstu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldar eru inn nýjar leiðbeinandi reglur um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. til 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningur um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“), einkum 24. gr. og b-liðar 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeinandi reglur um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveður skýrt á um slíkt eða eftirlitsstofnunin álitur það nauðsynlegt.

Hinn 20. júní 2014 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins orðsendingu þar sem sett eru fram „viðmið um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist innri markaðnum“⁽¹⁾. Orðsendingin gildir frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2020.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við markmið um einsleitni í 1. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ á bls. 9 í XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn ESB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við EFTA-ríkin með bréfi um þetta efni, dagsettu 25. janúar 2016.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 188, 20.6.2014, bls. 4.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar breytast þannig að felldar eru inn nýjar leiðbeinandi reglur um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Nýju leiðbeinandi reglurnar fylgja þessari ákvörðun sem viðauki og eru óaðskiljanlegur hluti hennar.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 27. apríl 2016.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sven Erik Svedman

Forseti

Frank Büchel

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Leiðbeinandi reglur um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins ⁽¹⁾

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	
2.	Gildissvið	
3.	Hlutgengisviðmið	
3.1.	Skilgreining á verkefni	
3.2.	Sameiginleg evrópsk hagsmunamál	
3.2.1.	Almenn heildarviðmið	
3.2.2.	Almennir jákvæðir vísar	
3.2.3.	Tiltekin viðmið	
3.3.	Mikilvægi verkefnis	
4.	Viðmið um samrýmanleika	
4.1.	Hvort aðstoðin sé nauðsynleg og hæfileg	
4.2.	Hvort komið verði í veg fyrir ótilhlýðilega röskun á samkeppni og jafnvægispróf	
4.3.	Gagnsæi	
5.	Lokaákvæði	
5.1.	Tilkynningarskylda	
5.2.	Eftirámat og skýrslugjöf	
5.3.	Gildistaka, gildistími og endurskoðun	
	Styrkhæfur kostnaður	

⁽¹⁾ Þessar leiðbeinandi reglur samsvara orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um viðmið fyrir greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist innri markaðnum; birtar 20. júní 2014 (Stjtíð. ESB C 188, 20.6.2014, bls. 4).

1. Inngangur

1. Í þessum kafla eru veittar leiðbeinandi reglur um mat, samkvæmt reglum um ríkisaðstoð, á opinberri fjármögnun mikilvægra, sameiginlegra evrópskra hagsmunamála.
2. Mikilvæg, sameiginleg evrópsk hagsmunamál kunna að stuðla með áhrifaríkum hætti að hagvexti, atvinnusköpun og samkeppnishæfni fyrir atvinnugreinar og efnahagslíf á Evrópska efnahagssvæðinu, með hliðsjón af jákvæðum smitáhrifum á innri markaðinn og samfélagið.
3. Mikilvæg, sameiginleg evrópsk hagsmunamál gera kleift að leiða saman þekkingu, sérþekkingu, fjármuni og rekstraraðila á öllu Evrópska efnahagssvæðinu til að ráða bót á mikilvægum markaðsbrestum eða kerfislægum brestum svo og samfélagslegum vandkvæðum sem ekki væri unnt að ráða bót á með öðrum hætti. Þau eru þannig úr garði gerð að þau láta opinbera geirann og einkageirann taka höndum saman um stórverkefni sem færa Evrópska efnahagssvæðinu og borgurum EES-ríkjanna mikilvægan ávinning.
4. Mikilvæg, sameiginleg evrópsk hagsmunamál geta skipt máli fyrir öll stefnumið og aðgerðir sem uppfylla sameiginleg evrópsk markmið, einkum að því er varðar markmið áætlunarinnar Evrópa 2020 ⁽²⁾, forystuverkefni Evrópusambandsins og lykilsvið hagvaxtar, eins og stuðningstækni á lykilsviðum ⁽³⁾.
5. Í framtaksverkefninu um að færa ríkisaðstoð í nútímahorf ⁽⁴⁾ er hvatt til þess að beina eigi ríkisaðstoð að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum í samræmi við forgangsmál stefnumiða áætlunarinnar Evrópa 2020 í því skyni að ráða bót á markaðsbrestum eða öðrum mikilvægum kerfislægum brestum sem koma í veg fyrir eflingu hagvaxtar og atvinnusköpunar svo og þróun samþætts, virks og samkeppnishæfs innri markaðar. Framkvæmd mikilvægra, sameiginlegra evrópskra hagsmunamála krefst iðulega veigamikillar þátttöku opinberra stjórnvalda þar sem markaðurinn myndi að öðrum kosti ekki fjármagna slík verkefni. Ef opinber fjármögnun slíkra verkefna felur í sér ríkisaðstoð eru í þessari orðsendingu settar fram reglur sem beita skal til að tryggja jafna aðstöðu fyrir alla á innri markaðnum.
6. Á sama tíma og ríkisaðstoð er færð í nútímahorf er tilvalið tækifæri að uppfæra og safna saman gildandi leiðbeinandi reglum í eitt skjal þannig að þær samrýmist markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 og markmiðum um að færa ríkisaðstoð í nútímahorf svo og til að víkka reglurnar þannig að þær taki til annarra sviða þar sem þær gætu nýst. Þessar leiðbeinandi reglur koma því í stað allra gildandi ákvæða um mikilvæg, sameiginleg evrópsk hagsmunamál. Á þennan hátt veita þessar leiðbeinandi reglur EES-ríkjunum tiltekna og þverfaglega leiðsögn sem miðar að því að hvetja til þróunar mikilvægra samstarfsverkefna sem stuðla að sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum.
7. Samkvæmt b-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins getur þessi aðstoð, sem er veitt til að stuðla að framkvæmd mikilvægra, sameiginlegra evrópskra hagsmunamála, talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins. Þar af leiðandi kemur fram í þessum leiðbeinandi reglum hvaða viðmið Eftirlitsstofnun EFTA mun beita við mat á ríkisaðstoð sem stuðlar að því að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd. Í reglunum er fyrst skilgreint gildissvið þeirra og síðan kemur skrá yfir viðmið sem Eftirlitsstofnun EFTA mun nota til að meta eðli og mikilvægi slíkra verkefna með hliðsjón af beitingu b-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Því næst er útskýrt hvernig Eftirlitsstofnun EFTA metur hvort opinber fjármögnun mikilvægra, sameiginlegra evrópskra hagsmunamála samrýmist reglum um ríkisaðstoð.

⁽²⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar, „Evrópa 2020 – Áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“, COM(2010) 2020, lokagerð frá 3. mars 2010.

⁽³⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar – „Áætlun Evrópu um stuðningstækni á lykilsviðum – Til aukins hagvaxtar og atvinnusköpunar“, COM(2012) 341, lokagerð frá 26. júní 2012.

⁽⁴⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar – Um að færa ríkisaðstoð ESB í nútímahorf COM(2012) 209, lokagerð frá 8. maí 2012.

8. Í þessum leiðbeinandi reglum er ekki undanskilinn sá möguleiki að aðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, geti einnig samrýmt framkvæmd EES-samningsins á grundvelli annarra ákvæða, einkum c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og framkvæmdareglna þeirra. Reglur um ríkisaðstoð hafa verið færðar í nútímahorf með hliðsjón af því að bjóða EES-ríkjunum fleiri tækifæri til að styrkja mikilvæg verkefni sem ráða bót á markaðsbrestum og samheldnisvandamálum á mismunandi sviðum til að stuðla að sjálfbærum hagvexti og atvinnusköpun. Í þessum ákvæðum er þó ekki endilega, að öllu leyti, tekið tillit til mikilvægis, sérkenna og einkenna mikilvægra, sameiginlegra evrópskra hagsmunamála sem kann að krefjast tiltekinna ákvæða um hlutgengi, samrýmanleika og máls-meðferð sem fjallað er um í þessum leiðbeinandi reglum.

2. Gildissvið

9. Þessar leiðbeinandi reglur gilda um mikilvæg, sameiginleg evrópsk hagsmunamál í öllum atvinnugreinum.
10. Þessar leiðbeinandi reglur gilda ekki um:
- a) ráðstafanir varðandi aðstoð við fyrirtæki í rekstrarerfiðleikum, eins og skilgreint er í leiðbeinandi reglum um björgun og endurskipulagningu ⁽⁵⁾ eða öðrum leiðbeinandi reglum sem taka við af þeim, eins og þeim var breytt eða skipt út,
 - b) ráðstafanir varðandi aðstoð við fyrirtæki, lýst ólögmat og ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, sem sæta kröfu um að endurgreiða aðstoð samkvæmt fyrri ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA,
 - c) aðstoðarráðstafanir sem hafa, einar og sér, óhjákvæmilega í för með sér, vegna skilyrða sem fylgja þeim eða vegna aðferðar við fjármögnun þeirra, brot á EES-rétti ⁽⁶⁾, einkum:
 - aðstoðarráðstafanir þar sem veitt aðstoð fellur undir þá skyldu að aðstoðarþeginn hafi höfuðstöðvar sínar í viðkomandi EES-ríki eða hafi, að öllu leyti, staðfestu í því ríki,
 - aðstoðarráðstafanir þar sem veitt aðstoð fellur undir þá skyldu að aðstoðarþeginn noti framleiddar vörur og þjónustu í viðkomandi ríki,
 - aðstoðarráðstafanir sem takmarka möguleika aðstoðarþegans að nýta sér rannsóknir, þróun og nýsköpun í öðrum EES-ríkjum.

3. Hlutgengisviðmið

11. Þegar metið er hvort verkefni falli undir b-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins munu eftirfarandi viðmið gilda:

3.1. Skilgreining á verkefni

12. Fyrirhuguð aðstoð tengist stöku verkefni, sem hefur verið skilgreint með skýrum hætti að því er varðar markmið og skilyrði fyrir framkvæmd þess, m.a. hverjir þátttakendurnir eru og hver fjármögnun þess er ⁽⁷⁾.

⁽⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja í rekstrarerfiðleikum, sem eru ekki fjármálafyrirtæki, samkvæmt samþykkt ákvörðun nr. 321/14/COL (Stjútíð. ESB L 271, 16.10.2015, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 62, 15.10.2015, bls. 1). Þar eð fyrirtæki í rekstrarerfiðleikum eiga á hættu að verða lögð niður getur ekki talist við hæfi að nota þau til að framfylgja öðrum markmiðum almannahagsmuna fyrr en rekstur þeirra hefur verið tryggður til frambúðar, eins og fram kemur í 23. lið þeirra leiðbeinandi reglna.

⁽⁶⁾ Sjá t.d. mál C-156/98 *Þýskaland gegn framkvæmdastjórn* EU:C:2000:467, 78. mgr. og mál C-333/07 *Régie Networks gegn Rhône-Alpes Bourgogne* ESB:C:2008:764, 94.–116. mgr.

⁽⁷⁾ Ef um er að ræða rannsókn og þróun þar sem tvö eða fleiri verkefni, sem ekki er unnt að aðgreina skilmerkilega hvort eða hvert frá öðru, einkum þegar ekki eru neinar líkur á því að þau skili tæknilegum árangri hvort eða hvert um sig, verður að líta á þau sem eitt stakt verkefni. Aðstoð við verkefni sem verður til þess að starfsemi þess flyst einfaldlega til annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, án þess að breyta eiginleikum verkefnisins, stærð þess eða umfangi, telst ekki samrýmanleg.

13. Eftirlitsstofnun EFTA kann einnig að líta á „samþætt verkefni“, þ.e. samstæðu stakra verkefna sem mynda sameiginlegan grunn, leiðarvísi eða áætlun, sem miðar að sama markmiði og byggist á samstíga kerfislegri nálgun, sem hlutgengt verkefni. Einstakir þættir samþætts verkefnis geta tengst aðgreindum stigum aðfangakeðjunnar en þeir verða að bæta hvern annan upp og vera forsenda þess að unnt sé að uppfylla markmið mikilvægra, evrópskra hagsmunamála ⁽⁸⁾.

3.2. Sameiginleg evrópsk hagsmunamál

3.2.1. Almenn heildarviðmið

14. Verkefnið verður að leggja sitt af mörkum, á áþreifanlegan, skýran og greinanlegan hátt, til eins eða fleiri sameiginlegra evrópskra markmiða og hafa þýðingarmikil áhrif á samkeppnishæfni Evrópska efnahagssvæðisins, sjálfbæran hagvöxt, samfélagslegar áskoranir eða á verðmætaaukningu á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.
15. Verkefnið verður að vera mikilvægt framlag til sameiginlegra, evrópskra markmiða, t.d. með því að hafa afar mikla þýðingu fyrir áætlunina Evrópa 2020, Evrópska rannsóknarsvæðið, Evrópska áætlun um stuðningstækni á lykilsviðum ⁽⁹⁾, Evrópska áætlun um orkumál ⁽¹⁰⁾, Stefnumamma fyrir loftslags- og orkumál fram til ársins 2030 ⁽¹¹⁾, Evrópska áætlun um örugga orku ⁽¹²⁾, Evrópska áætlun á sviði rafeindatekni, Samevrópskt orku- og flutninganet, Forystuverkefni Sambandsins, t.d. nýsköpun í Sambandinu ⁽¹³⁾, Stafræna áætlun fyrir Evrópu ⁽¹⁴⁾, Auðlindanýtna Evrópu ⁽¹⁵⁾ eða Samþætta atvinnustefnu á öld alþjóðavæðingar ⁽¹⁶⁾.
16. Alla jafna verða fleiri en eitt EES-ríki að taka þátt í verkefninu ⁽¹⁷⁾ og ávinningurinn, sem hlýst af því, má ekki einskorðast við EES-ríkin sem fjármögnuðu það, heldur verður hann að koma stórum hluta EES-svæðisins til góða. Skilgreina verður ávinning af verkefninu á skýran, áþreifanlegan og greinanlegan hátt ⁽¹⁸⁾.

⁽⁸⁾ Hér eftir er vísað til „staks verkefnis“ og „samþætts verkefnis“ sem „verkefnis“.

⁽⁹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar – „Evrópsk áætlun um stuðningstækni á lykilsviðum – Til aukins hagvaxtar og atvinnusköpunar“, COM (2012) 341, lokagerð frá 26. júní 2012.

⁽¹⁰⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar „Orka 2020 – Áætlun um sjálfbæra, samkeppnishæfa og örugga orku“, COM(2010) 639, lokagerð frá 10. nóvember 2010.

⁽¹¹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar „Stefnumamma fyrir loftslags- og orkumál frá 2020 til 2030“, COM(2014) 15, lokagerð frá 22. janúar 2014.

⁽¹²⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins, „Evrópsk áætlun um örugga orku“, COM(2014) 330, lokagerð frá 28. maí 2014.

⁽¹³⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „Evrópa 2020 – Forystuverkefni – Nýsköpun í Sambandinu“ COM(2010) 546, lokagerð frá 6. október 2010.

⁽¹⁴⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „Stafræn áætlun fyrir Evrópu“ COM(2010) 245, lokagerð frá 26. ágúst 2010, samkvæmt ályktun 37. fundar sameiginlegru EES-þingmannanefndarinnar 26. október 2011.

⁽¹⁵⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar „Auðlindanýtin Evrópa – Forystuverkefni samkvæmt áætluninni Evrópa 2020“, COM(2011) 21, 26. janúar 2011.

⁽¹⁶⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar „Samþætt atvinnustefnu á öld alþjóðavæðingar – Áhersla á samkeppnishæfni og sjálfbærni“, COM(2010) 614, lokagerð frá 28. október 2010.

⁽¹⁷⁾ Að undanskildum samtengdum innviðum rannsókna og verkefna á sviði samevrópska flutningsnetsins (TEN-T) sem hefur afar mikla þýðingu fyrir samstarf milli landa, þar eð það er hluti af efnislega tengdum netum yfir landamæri eða nauðsynlegt til að bæta stjórnun umferðar yfir landamæri eða rekstrarsamhæfi.

⁽¹⁸⁾ Sú staðreynd að verkefnið sé framkvæmt af fyrirtækjum í mismunandi löndum eða að rannsóknarinnviðir séu síðan nýttir af fyrirtækjum, sem hafa staðfestu í mismunandi EES-ríkjum, er ekki fullnægjandi til að verkefni teljist til mikilvægra, sameiginlegra evrópskra hagsmunamála. Dómstóllinn hefur haldið því fram að líta megi á verkefni sem sameiginlegt, evrópskt hagsmunamál þegar það myndar hluta af áætlun milli Evrópulanda sem nýtur sameiginlegs stuðnings ýmissa stjórnvalda í EES-ríkjunum eða á rætur sínar að rekja til samstilltrar aðgerðar af hálfu ýmissa EES-ríkja til að berjast gegn sameiginlegri ógn. Sameinuð mál C-62/87 og 72/87 *Exécutif régional wallon og SA Glaverbel gegn framkvæmdastjórn* EU:C:1988:132, 22.-23. mgr.

17. Ávinningur af verkefnum má ekki takmarkast við fyrirtæki eða viðkomandi atvinnugrein heldur verður hann að hafa víðari skírskotun og þýðingu fyrir evrópskt atvinnulíf eða samfélag fyrir tilstuðlan jákvæðra smitáhrifa (t.d. kerfistengd áhrif á margþætt stig virðisaukakeðjunnar eða á aðliggjandi eða fráliggjandi markaði eða á margs konar notkun í öðrum atvinnugreinum eða leiða til tilfærslu milli sviða) sem eru skilgreind á skýran, áþreifanlegan og greinanlegan hátt.
18. Aðstoðarþeginn verður að leggja fjármagn í verkefnið auk hinna fjármögnunaraðilanna.
19. Verkefnið verður að virða meginregluna um að leggja niður í áföngum styrki sem valda umhverfisskaða, eins og minnst er á í Vegvísi að auðlindanýtingu ⁽¹⁹⁾.

3.2.2. Almennir jákvæðir vísar

20. Auk heildarviðmiðanna í þætti 3.2.1 mun afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA vera jákvæðari ef:
 - a) verkefnið er þannig úr garði gert að það geri öllum viðkomandi EES-rikkjum kleift að taka þátt í því, með hliðsjón af eðli verkefnisins, markmiði þess og fjárhaglegri þörf,
 - b) verkefnið er þannig úr garði gert að það feli í sér þátttöku framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða einhvers annars lögaðila sem starfar í umboði hennar, t.d. Evrópska fjárfestingarbankans,
 - c) val á verkefni felur í sér þátttöku framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða einhvers annars lögaðila sem starfar í umboði hennar, að því tilskildu að þessi aðili starfi í þessu tilliti sem skipulagsaðili framkvæmda,
 - d) stjórnunarkerfi verkefnisins er þannig að það feli í sér þátttöku framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins – eða einhvers annars lögaðila sem starfar í umboði hennar – og nokkurra EES-rikkja,
 - e) verkefnið felur í sér mikilvæg samskiptatengsl að því er varðar ýmsa samstarfsaðila, þátttöku stofnana úr mismunandi atvinnugreinum eða þátttöku fyrirtækja af mismunandi stærð,
 - f) verkefnið felur í sér samfjármögnun frá EFTA eða úr sjóði á vegum Evrópusambandsins ⁽²⁰⁾.

3.2.3. Tiltekin viðmið

21. Verkefni á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar verða að vera af afar nýstárlegum toga eða fela í sér mikilvægan aukinn virðisauka varðandi rannsókn, þróun og nýsköpun, í ljósi bestu fínanlegu tækni sem völ er á í viðkomandi geira.
22. Verkefni, sem fela í sér nýtingu í atvinnuskyni, verða að gera kleift að þróa nýjar vörur eða þjónustu sem felur í sér afar mikla rannsóknar- og nýsköpunareiginleika og/eða að innleitt sé framleiðsluferli sem í grundvallaratriðum felur í sér nýsköpun. Regluleg endurnýjun, án þess að hún feli í sér breytingu á nýsköpunarvöld gildandi aðstöðu og þróun nýrrar útgáfu fyrirbyggjandi vara, telst ekki til mikilvægra, sameiginlegra evrópskra hagsmunamála.
23. Verkefni á sviði umhverfis-, orku- eða samgöngumála verða annaðhvort að hafa mikla þýðingu fyrir stefnumið Evrópusambandsins varðandi umhverfis- og orkumál svo og orkuöryggi eða samgöngur eða leggja á veigamikinn hátt sitt af mörkum til innri markaðsins, m.a. en ekki einvörðungu til þessara tilteknu atvinnugreina.

⁽¹⁹⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar, „Vegvísir að auðlindanýtingu Evrópu“, COM (2011) 571, lokagerð frá 20. september 2011.

⁽²⁰⁾ Fjármögnun frá EFTA eða Evrópusambandinu, undir miðlægri stjórn stofnana, skrifstofa, sameiginlegra fyrirtækja eða annarra aðila sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Evrópusambandinu og sem eru ekki beint eða óbeint undir stjórn EES-rikkjana, telst ekki til ríkisaðstoðar.

3.3. Mikilvægi verkefnis

24. Til að verkefni geti talist til mikilvægra, sameiginlegra evrópskra hagsmunamála verður það að uppfylla skilyrði um magn og gæði. Annaðhvort ætti það að vera sérstaklega mikið að vöxtum eða gildissvið þess umfangsmikið og/eða fela í sér töluvert mikla tæknilega eða fjárhagslega áhættu.

4. Viðmið um samrýmanleika

25. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA metur hvort aðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum, sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins, á grundvelli b-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, mun hún taka tillit til eftirfarandi viðmiða ⁽²¹⁾.
26. Eftirlitsstofnun EFTA mun framkvæma jafnvægispróf til að meta hvort væntanleg, jákvæð áhrif vegna upp hugsanleg neikvæð áhrif eins og fram kemur hér á eftir.
27. Í ljósi þess hvers eðlis verkefnið er getur Eftirlitsstofnun EFTA litið svo á að búast megi við markaðsbrestum eða öðrum kerfislægum brestum, svo og framlagi til sameiginlegra, evrópskra hagsmunamála, ef verkefnið uppfyllir hlutgengisviðmiðin sem sett eru fram í 3. þætti hér að framan.

4.1. Hvort aðstoðin sé nauðsynleg og hæfileg

28. Aðstoðina má ekki nota til að niðurgreiða kostnað vegna verkefnis sem myndi hvort eð er falla á fyrirtækið eða til að bæta fyrir eðlilega viðskiptaáhættu sem fylgir atvinnustarfsemi. Án ríkisaðstoðar ætti ekki að vera mögulegt að hrinda verkinu í framkvæmd eða einungis í minna mæli eða umfangi eða á annan hátt sem myndi skerða verulega væntanlegan ávinning af því ⁽²²⁾. Aðstoð telst hæfileg að umfangi því aðeins að ekki sé unnt að ná sömu niðurstöðu með minni aðstoð.
29. EES-riki verður að veita Eftirlitsstofnun EFTA fullnægjandi upplýsingar um verkefnið, sem nýtur aðstoðar, svo og ítarlega lýsingu á staðleysusviðsmyndinni sem svarar til stöðunnar þar sem ekkert EES-riki veitir aðstoð. Staðleysusviðsmyndin getur falið í sér að ekki sé um að ræða neitt annað verkefni eða að um sé að ræða greinilega skilgreint og nægilega fyrirsjáanlegt annað verkefni, sem aðstoðarþeginn vegur og metur í ákvarðanatökufæri sínu, og hún getur varðað annað verkefni sem er, að hluta til eða að öllu leyti, framkvæmt utan EES-svæðisins.
30. Ef ekki er um að ræða annað verkefni mun Eftirlitsstofnun EFTA sannprófa hvort aðstoðarfjárhæðin sé umfram nauðsynlegt lágmark til að verkefnið sem nýtur aðstoðar verði nægilega ábata-samt, t.d. með því að gera kleift að öðlast innri vexti, sem tíðkast innan viðkomandi atvinnugreinar, eða tiltekna viðmiðunar- eða lágmarksarðsemi fyrirtækisins. Í þessu tilefni er einnig hægt að nota eðlilega arðsemi, sem aðstoðarþeginn gerir kröfu um í öðrum fjárfestingarverkefnum af svipuðum toga, fjármagnskostnað hans í heild eða þá arðsemi sem alla jafna tíðkast í viðkomandi atvinnugrein. Taka verður tillit til alls viðeigandi væntanlegs kostnaðar og ávinnings meðan á verkefninu stendur.

⁽²¹⁾ Samkvæmt dómaframkvæmd hefur Eftirlitsstofnun EFTA tiltekin matsvik þegar kemur að því að meta hvort mikilvæg, sameiginleg evrópsk hagsmunamál samrýmast framkvæmd EES-samningsins. Sameinuð mál C-62/87 og 72/87 *Exécutif régional wallon og SA Glaverbel* gegn *framkvæmdastjórn* [1988] ECR 1573, 21. mgr.

⁽²²⁾ Sækja verður um aðstoð áður en verkefnið hefst sem vísar annaðhvort til upphafs byggingarframkvæmda, sem tengjast fjárfestingunni, eða fyrstu staðfestu skuldbindingar um kaup á búnaði eða annarrar skuldbindingar sem gerir það að verkum að ekki verður aftur snúið með fjárfestinguna, hvort sem gerist fyrr. Kaup á lóðum og undirbúningsvinna, t.d. öflun leyfa og gerð hagkvæmniathugana til undirbúnings framkvæmdum, teljast ekki til upphafs verks.

31. Hámarksaðstoðarfjárhæðin verður ákveðin á grundvelli greindrar fjármagnsþarfar í tengslum við styrkhæfan kostnað. Ef greining á fjármagnsþörfinni er réttlæt看leg gæti aðstoðarhlutfallið orðið allt að 100% af styrkhæfum kostnaði. Með fjármagnsþörfinni er vísað til þess munar sem er á jákvæðu og neikvæðu sjóðsstreymi meðan á fjárfestingunni stendur, núvirt til gildandi andvirðis á grundvelli viðeigandi afvöxtunarþáttar sem endurspeglar nauðsynlega ávöxtun fyrir aðstoðarþegann svo hann geti innt verkefnið af hendi, einkum í ljósi áhættunnar sem tekin er. Mælt er fyrir um styrkhæfa kostnaðinn í viðaukanum ⁽²³⁾.
32. Þegar hægt er að sýna fram á, t.d. með innanfélagsskjölum, að aðstoðarþegi eigi augljóslega val um það hvort hann ræðst í verkefni, sem nýtur aðstoðar, eða í annað verkefni, sem ekki nýtur aðstoðar, mun Eftirlitsstofnun EFTA bera saman væntanlegt hreint núvirði fjárfestingarinnar í styrkta verkefninu og staðleysuverkefninu, að teknu tilliti til þess hversu miklar líkur eru á því að ólíkar viðskiptasviðsmyndir eigi sér stað.
33. Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar við greiningu á aðstoðinni:
- a) *Eðli breytingarinnar sem stefnt er að* EES-ríki skal greina nákvæmlega frá væntanlegri breytingu á atferli í kjölfar ríkisaðstoðarinnar, þ.e. hvort nýju verkefni sé hleypt af stokkunum eða hvort verkefnið stækkar, eykst að umfangi eða því er hraðað. Staðfesta verður breytingar á atferli með því að bera saman niðurstöðu og umfang starfseminnar, sem stefnt er að, með aðstoð annars vegar og án aðstoðar hins vegar. Munurinn á þessum tveimur sviðsmyndum sýnir áhrif aðstoðarráðstöfunarinnar og hvatningaráhrif hennar.
- b) *Arðsemi* Ef einkafyrirtæki myndi ekki hafa nægilega mikinn hag af því að inna verkefnið af hendi en það hefði hins vegar í för með sér verulegan ávinning fyrir samfélagið, eru meiri líkur á að aðstoðin hafi hvatningaráhrif.
34. Til að bregðast við beinni eða óbeinni röskun á milliríkjavíðskiptum, raunverulegri eða hugsanlegri, getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið mið af þeirri staðreynd að keppinautar, sem starfa utan Evrópska efnahagssvæðisins, hafa (næstliðin þrjú ár) notið eða munu njóta, beint eða óbeint, aðstoðar samkvæmt jafnháu aðstoðarhlutfalli vegna sambærilegra verkefna. Heimilt er þó að lengja viðmiðunartímabilið sé ástæða til að ætla, með hliðsjón af eðli viðkomandi atvinnugreinar, að röskun á milliríkjavíðskiptum komi fram eftir lengri tíma en þrjú ár. Ef þess er nokkur kostur mun hlutaðeigandi EES-ríki útvega Eftirlitsstofnun EFTA nægilegar upplýsingar til að hún geti metið aðstæður, einkum hvort nauðsynlegt sé að taka tillit til samkeppnisyfirburða keppinautar í landi utan EES. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki undir höndum gögn um aðstoð, sem veitt hefur verið eða áformað er að veita, getur hún einnig byggt ákvörðun sína á líkum.
35. Við öflun gagna getur Eftirlitsstofnun EFTA notað rannsóknarheimildir sínar ⁽²⁴⁾.
36. Val á stjórnþæki aðstoðar verður að miðast við þann markaðsbrest eða annan verulegan kerfislægan brest sem aðstoðinni er ætlað að ráða bót á. Ef undirliggjandi vandamál felur t.d. í sér skort á aðgangi að fjármagni ætti EES-ríki alla jafna að grípa til aðstoðar í formi lausafjár-fyrirgreiðslu, s.s. lána eða ábyrgða ⁽²⁵⁾. Ef einnig er nauðsynlegt að styðja fyrirtæki með tiltekinni áhættuhlutdeild, ætti alla jafnan að velja endurgreiðsluskyld framlög sem stjórnþæki aðstoðar. Stjórnþæki aðstoðar, sem felur í sér endurgreiðsluskyld framlög, telst alla jafna vera jákvæður visir.

⁽²³⁾ Ef um er að ræða samþætt verkefni verður að sundurliða styrkhæfa kostnaðinn fyrir hvert einstakt verkefni.

⁽²⁴⁾ Sjá 3. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 734/2013 frá 22. júlí 2013 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 15). Á þeim tíma sem þessar leiðbeinandi reglur voru samþykktar var til athugunar hvort fella ætti reglugerð (ESB) nr. 734/2013 inn í EES-samninginn. Reglugerð (EB) nr. 659/1999 var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 (Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 46 og EES-viðbætur nr. 13, 7.3.2002, bls. 26).

⁽²⁵⁾ Aðstoð í formi ábyrgða verður að takmarkast af tíma og aðstoð í formi lána verður að miðast við endurgreiðslutímabil.

37. Í greiningunni verður að taka tillit til, þar sem við á, markmiða um orkuöryggi og orkunýtingu.
38. Eftirlitsstofnun EFTA mun líta verkefni jákvæðari augum ef það byggist, að hluta til, á verulegu framlagi frá aðstoðarþegunum sjálfum eða óháðum einkafjárfestum. Framlag í formi efnislegra og óefnislegra eigna, svo og lóða, skal reiknast á markaðsverði.
39. Lítið verður á val á aðstoðarþegum með útbóði, sem byggist á samkeppnishæfum og gagnsæjum forsendum svo og á jafnréttisgrundvelli, sem jákvæðan vísi.

4.2. *Hvort komið verði í veg fyrir ótilhlýðilega röskun á samkeppni og jafnvægispróf*

40. EES-riki ætti að afla gagna um það hvort fyrirhuguð aðstoðarráðstöfun sé viðeigandi stjórnþæki til að ná markmiðum verkefnisins. Aðstoðarráðstöfun telst ekki viðeigandi ef unnt er að ná sama árangri með öðrum stjórnþækjum eða annars konar stjórnþækjum aðstoðar, sem raska samkeppni ekki jafn mikið.
41. Til þess að aðstoð samrýmist innri markaðnum, verða neikvæð áhrif aðstoðarráðstöfunarinnar í formi samkeppniröskunar og áhrifa á viðskipti milli samningsaðilanna að vera takmörkuð, og jákvæð áhrif, í formi þess að ná fram markmiði um sameiginlega evrópska hagsmuni, að vega þau upp.
42. Að því er varðar mat á neikvæðum áhrifum aðstoðarráðstöfunarinnar mun greining Eftirlitsstofnunar EFTA á samkeppni einkum snúast um fyrirsjáanleg áhrif aðstoðar á samkeppni milli fyrirtækja á viðkomandi vörumörkuðum, þ.m.t. á aðliggjandi eða fráliggjandi markaði, og á hættu á umframframleiðslugetu.
43. Eftirlitsstofnun EFTA mun meta áhættu af útilokun frá markaði og markaðsyfirráðum, einkum í tilvikum enngar eða takmarkaðrar miðlunar niðurstaðna. Að því er varðar verkefni, sem fela í sér smíði grunnvirkis ⁽²⁶⁾, verður að tryggja opinn aðgang að því án mismununar og verðlagningu án mismununar ⁽²⁷⁾.
44. Eftirlitsstofnun EFTA mun meta hugsanleg neikvæð áhrif á viðskipti, þ.m.t. hættu á styrkjakapphlaupi milli EES-rikjanna sem kann að verða, einkum í tengslum við val á staðsetningu.

4.3. *Gagnsæi*

45. EES-rikin skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu birtar á alhliða vef um ríkisaðstoð, á lands- eða héraðsvisu:
 - a) texti aðstoðarráðstöfunarinnar og framkvæmdarákvæði hennar eða tengill á hana,
 - b) heiti yfirvalds eða yfirvalda sem veita aðstoðina,
 - c) heiti einstakra aðstoðarþega, form og fjárhæð aðstoðar til hvers aðstoðarþega, hvenær aðstoðin er veitt, tegund fyrirtækis (lítið eða meðalstórt fyrirtæki, stórfyrirtæki), héraðið þar sem aðstoðarþeginn er (á NUTS-II svæði) og meginatvinnugrein sem aðstoðarþegi starfar innan (á NACE-stigi) ⁽²⁸⁾.

⁽²⁶⁾ Til að taka af allan vafa teljast tilraunataeki ekki til grunnvirkja.

⁽²⁷⁾ Ef verkefni felur í sér orkugrunnvirki skal það falla undir ákvæði um gjaldtöku og aðgang ásamt kröfu um sundurgreiningu í samræmi við löggjöf um innri markaðinn.

⁽²⁸⁾ Að frátöldum viðskiptaleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum þegar til þess liggja réttmætar ástæður og með fyrirvara um samþykkt Eftirlitsstofnunar EFTA (kafli um þagnarskyldu í tengslum við ákvarðanir um ríkisaðstoð, ákvörðun nr. 15/04/COL, birt í Stjtið. ESB L 154, 8.6.2006, bls. 27, og EES-viðbæti nr. 29, 8.6.2006, bls. 1).

46. Heimilt er að falla frá slíkri kröfu, að því er varðar staka aðstoð, sem er lægri en 500 000 EUR. Birta verður slíkar upplýsingar eftir að ákvörðun um úthlutun aðstoðar hefur verið tekin, þær verður að varðveita í að minnsta kosti tíu ár og almenningur verður að hafa óhindraðan aðgang að þeim ⁽²⁹⁾. Ekki verður gerð krafa um að EES-ríki afhendi framangreindar upplýsingar fyrir 1. júlí 2016.

5. Lokaákvæði

5.1. Tilkynningarskylda

47. Í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls verða EES-ríkin að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA fyrir fram um áætlanir um að veita eða breyta ríkisaðstoð, þ.m.t. aðstoð við mikilvægt, sameiginlegt evrópskt hagsmunamál.
48. EES-ríki sem taka þátt í sömu mikilvægu, sameiginlegu evrópsku hagsmunamálanum eru hvött til, eftir því sem unnt er, að leggja sameiginlega tilkynningu fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

5.2. Eftirámat og skýrslugjöf

49. Greina verður með reglulegu millibili frá framkvæmd verkefnisins. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, þar sem við á, að biðja um framkvæmd eftirá mats.

5.3. Gildistaka, gildistími og endurskoðun

50. Þessar leiðbeinandi reglur gilda frá þeim degi sem þær voru samþykktar þar til 31. desember 2020.
51. Eftirlitsstofnun EFTA mun beita ákvæðum þessara leiðbeinandi reglna gagnvart öllum aðstoðarverkefnum sem henni er tilkynnt um og henni ber að taka ákvörðun um, eftir að leiðbeinandi reglurnar hafa verið birtar á vef Eftirlitsstofnunar EFTA, jafnvel þótt verkefnið hafi verið tilkynnt áður en leiðbeinandi reglurnar voru birtar.
52. Í samræmi við kafla um reglur sem gilda um mat á ólögum aðstoð í II. hluta leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð ⁽³⁰⁾, að því er varðar aðstoð sem engin tilkynning berst um, mun Eftirlitsstofnun EFTA beita þessum leiðbeinandi reglum hafi aðstoðin verið veitt eftir að hún öðlaðist gildi og í öllum öðrum tilvikum mun hún beita reglunum sem voru í gildi þegar aðstoðin var veitt.
53. Eftirlitsstofnun EFTA getur ákveðið að breyta þessum leiðbeinandi reglum hvenær sem vera skal ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt af ástæðum sem varða samkeppnisreglur eða í því skyni að taka til greina önnur stefnumið, milliríkjaskuldbindingar eða þróun á mörkuðum eða af einhverjum öðrum gildum ástæðum.

⁽²⁹⁾ Birta skal þessar upplýsingar innan sex mánaða frá því að aðstoðin er veitt. Ef um er að ræða ólöglega aðstoð verður EES-ríkjum gert skylt að birta þessar upplýsingar eftir á, að minnsta kosti eigi síðar en 6 mánuðum eftir dagsetningu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA. Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar á því sniði sem gerir kleift að leita að gögnum, draga þau út og birta þau á Netinu á einfaldan hátt, t.d. á CSV- eða XML-sniði.

⁽³⁰⁾ Ákvörðun nr. 154/07/COL (Stjtið. ESB L 73, 19.3. 2009, bls. 23 og EES-viðbætur nr. 15, 19.3.2009, bls. 1).

*Viðbætur***Styrkhæfur kostnaður**

- a) Hagkvæmnisathuganir, þ.m.t. þær sem gerðar eru til að undirbúa tæknirannsóknir, og kostnaður við að afla nauðsynlegra leyfa til að hrinda verkefninu í framkvæmd.
- b) Kostnaður við tæki og búnað (þ.m.t. mannvirki og samgöngutæki) að því leyti og á því tímabili sem slíkt er notað í verkefninu. Ef slíkt tæki og búnaður eru ekki notuð út endingartíma sinn í verkefninu teljast aðeins til styrkhæfs kostnaðar afskriftir sem svara til þess tíma sem verkefnið stóð og skal útreikningur á þeim miðast við góðar bókhaldsvenjur.
- c) Kostnaður við kaup (eða smíði) á byggingum, grunnvirkjum og lóðum, að því leyti og á því tímabili sem slíkt er notað í verkefninu. Ef þessi kostnaður er ákvarðaður í tengslum við eigendaskipti eða fjármagnskostnað, sem greiddur er í raun, andstætt kostnaði við afskriftir, ætti að draga hrakvirði lóðar, byggingar eða grunnvirkis frá fjármagnsþörfinni, annaðhvort fyrir fram eða eftirá.
- d) Kostnaður við kaup á öðrum eignum, rekstrarvörum og sambærilegum vörum sem eru nauðsynleg fyrir verkefnið.
- e) Kostnaður við að fá, fullgilda og vernda einkaleyfi og aðrar óefnislegar eignir. Kostnaður við aðkeyptar rannsóknir, þekkingu og einkaleyfi sem keypt eru, eða keypt eru sérleyfi fyrir, af utanaðkomandi aðilum á markaðsverði, svo og kostnaður við kaup á ráðgjöf og annarri sambærilegri þjónustu sem er eingöngu nýtt í tengslum við verkefnið.
- f) Starfsmanna- og umsýslukostnaður (þ.m.t. óbeinn kostnaður) sem stofnað er til vegna starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, þ.m.t. starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar í tengslum við fyrstu nýtingu í atvinnuskyni (e. *first industrial deployment*) ⁽³¹⁾, eða, ef um er að ræða grunnvirkjaverkefni, kostnaður sem stofnað er til meðan á smíði grunnvirkisins stendur.
- g) Ef um er að ræða aðstoð við verkefni, sem tengist fyrstu nýtingu í atvinnuskyni, fjármagns- og rekstrarkostnaður svo fremi að nýting í atvinnuskyni komi í kjölfar starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar ⁽³²⁾ og að þessi starfsemi sé afar þýðingarmikill hluti af verkefninu og feli í sér óaðskiljanlegan og nauðsynlegan þátt í árangursríkri framkvæmd verkefnisins. Rekstrarkostnaður verður að tengjast slíkum hluta verkefnisins.
- h) Samþykking má annan kostnað ef hann er réttlætunlegur og ef hann er órjúfanlega tengdur framkvæmd verkefnisins, að undanskildum rekstrarkostnaði sem fellur ekki undir g-lið.

⁽³¹⁾ Fyrsta nýting í atvinnuskyni vísar til umbreytingar á tilraunabúnaði eða tækjum og búnaði sem eru fyrst sinnar gerðar og fela í sér þau stig sem koma í kjölfar tilraunatækja, þ.m.t. prófunarfásinn, en hvorki fjöldaframleiðslu né viðskiptastarfsemi.

⁽³²⁾ Ekki er nauðsynlegt að fyrsta nýting í atvinnuskyni sé framkvæmd af sömu einingu og annaðist starfsemi á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, svo fremi að hinn fyrrnefndi öðlist rétt til að nýta árangurinn af fyrrnefndri starfsemi og að þessi starfsemi og fyrsta nýting í atvinnuskyni falli undir verkefnið og séu tilkynnt saman.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/11/02

(mál M.8134 – Siemens/Gamesa)

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. febrúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Siemens Aktiengesellschaft („Siemens“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu Gamesa Corporación Tecnológica, S.A. („Gamesa“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
